

1. Framkvæmi mælingu dýpis, þar sem dufli frá varðskipinu Þór var lagt í kjölfar togarans Ben Lui, A715, kl. 0446 hinn 18. apríl 1962, og taki sú mæling til nokkurs svæðis umhverfis stað duflsins samkvæmt staðarákvörðun skipstjórnarmanna varðskipsins.
 2. Marki á sjóupprátt staðarákvarðanir varðskipsins Þórs og ákærða, þær er í málinu greinir, og sé ákærða í hag tekið tillit til þeirrar hugsanlegu skekkju í niðurstöðum mælingar- og miðunartækja, sem viðurkennd er af framleiðendum þeirra.
 3. Láti í té rökstudda álitserð um nákvæmni og öryggi greindra staðarákvarðana, þar á meðal og sérstaklega að því er varðar ákvörðun kennileita, sem miðuð voru og mælt var til.
- Þá er rétt, að héraðsdómur rannsaki önnur atriði og afli frekari gagna, eftir því sem efni verða til.

Ályktarorð:

Héraðsdómi ber að hlutast til um og framkvæma rannsókn, eins og að framan greinir.

Miðvikudaginn 4. marz 1964.

Nr. 63/1963. Sigurður Teitsson (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
 gegn
Gunnari Elíassyni
 (Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann Snævarr.

Bifreiðar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. maí 1963. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt

að greiða kr. 6.167.50 ásamt 7% ársvöxtum frá 19. október 1961 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi átti að sjálfs sín sögn daglega leið um gatnasvæði það, sem um er að tefla, og hlaut því að þekkja aðstæður á þessum slóðum. Þegar til þessa er litið svo og þess, að skyggni var slæmt, er stefndi beygði bifreið sinni af Miklubraut suður Stakkahlíð, þykir hann ekki hafa gætt fyllstu varúðar í akstri, shr. b, c og n-liði 49. gr. laga nr. 26/1958, og því eiga að bæta áfrýjanda tjón hans að hluta.

Samkvæmt rökum þeim, er greinir í héraðsdómi, telst áfrýjandi hins vegar eiga meginsök á árekstrinum.

Eins og atvikum er háttað, verður stefnda dæmt að bæta áfrýjanda tjón hans að $\frac{1}{4}$ hluta. Óvefengt er, að tjón áfrýjanda hafi numið kr. 6.167.50, og ber stefnda því að greiða áfrýjanda kr. 1.541.88 með vöxtum, eins og krafizt er.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Eliasson, greiði áfrýjanda, Sigurði Teitssyni, kr. 1.541.88 með 7% ársvöxtum frá 19. október 1961 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. febrúar 1963.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. þ. m., hefur Sigurður Teitsson, Garðastræti 21, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 19. marz 1962, gegn Gunnari Eliassyni, Barmahlíð 53, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 6.167.50, auk 7% ársvaxta frá 19. október 1961 til greiðsludags og málskostnaðar að mati réttarins.

Stefndi krefst aðallega sýknu og að honum verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda. Til vara krefst stefndi, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð og málskostnaður þá látinn niður falla.

Samvinnutryggingum hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en engar kröfur eru gerðar á hendur þeim, og þær hafa engar sjálfstæðar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 21. október 1961 var unnið að gatnagerð á syðri akbraut Miklubrautar austan Stakkahlíðar. Komið hafði verið fyrir a.m.k. einum „búkka“ með rauðu blossomjósi á syðri akbrautinni við mót Miklubrautar og Stakkahlíðar. Tvístefnuakstur hafði verið tekinn upp á nyrðri brautinni, og hefur af hálfu stefnda í máli þessu verið haldið fram, að skilti hafi verið við nyrðri akbrautina, þar sem tekið hafi verið fram, að á brautinni væri tvístefnuakstur. Hefur það eigi verið vefengt af stefnanda. Var eigi ætlað til, að almenn umferð yrði um syðri brautina, en einhver umferð mun hafa verið þar vegna ökutækja í sambandi við gatnagerðina.

Stefnandi kveðst hafa unnið þarna við gatnagerðina, og um kl. 1900 áður nefndan dag kveðst hann, er hann hafi verið að koma frá vinnu sinni, hafa ekið bifreið sinni, R 2189, vestur syðri akbrautina með 25—30 km hraða. Við gatnamót Stakkahlíðar og Miklubrautar kveðst hann hafa stoppað fyrir bifreið, er komið hafi akandi austur Miklubraut og beygt til hægri. Síðan kveðst hann hafa ekið áfram. Hafi þá bifreiðinni R 10559 verið ekið austur Miklubraut og hún aðeins hægt ferð sína við áður nefnd gatnamót, en síðan tekið beygju hiklaust og í veg fyrir bifreið sína, og hafi sér ekki tekizt að forða árekstri.

Bifreiðin R 10559 var eign stefnda, sem ók henni í umrætt skipti. Hann skýrir svo frá, að hann hafi í umrætt sinn ekið austur Miklubraut. Þegar hann hafi komið að gatnamótum Miklubrautar og Stakkahlíðar, kveðst stefndi hafa ekið mjög hægt, eða með ferð fótgangandi manns, og síðan beygt til hægri, þar sem hann hafi ætlað suður Stakkahlíð. Hann kveðst hafa séð til ferða bifreiðar, sem komið hafi á móti honum norður Stakkahlíð, og hafi athygli hans beint að bifreið þessari. Hann kveðst hafa verið kominn út á syðri akbraut Miklubrautar, er hann hafi séð til ferða R 2189, sem komið hafi á lítilli ferð. Hann kveðst hafa hemlað, en er bifreið hans hafi verið rétt að stöðvast, hafi áreksturinn orðið.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar var þoka á, er áreksturinn varð, en rafmagnslýsing á staðnum góð. Yfirborð vegarins þarna hafi verið malbikað, en blautt.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að stefndi eigi alla sök á árekstrinum, þar sem hann hafi eigi gætt umferðar eftir syðri akbraut Miklubrautar. Hafi það verið freklegt umferðarbrot af hans hendi, þar sem um aðalbraut hafi verið að ræða. Telur stefnandi, að þrátt fyrir „búkkann“ á syðri akbrautinni og tvístefnuaksturinn á hinni nyrðri, hafi syðri brautinni ekki verið lokað, enda hafi „búkkinn“ með rauða blossomljósinu ekki verið lokunarmerki. Umferð hafi aðeins verið skipt á akbrautirnar. Hafi hin nyrðri átt að vera fyrir almenna umferð, en hin syðri fyrir umferð vegna gatnagerðarinnar. Megi af þessu ljóst vera, að eigi hafi staðið til að afnema aðalbrautarrrétt syðri akbrautar Miklubrautar.

Stefndi styður aðalkröfu sína þeim rökum, að syðri akbraut Miklubrautar hafi verið lokað fyrir umferð, enda hafi búkkinn með rauða blossomljósinu og tvístefnuaksturinn á nyrðri brautinni ekki getað þýtt annað. Verði samkvæmt því að telja, að syðri akbraut Miklubrautar hafi ekki verið vegur í merkingu umferðarlaga nr. 26/1958, sbr. 2. gr. laganna. Af því leiði, að 1.—3. mgr. 48. gr. umferðarlaganna verði ekki beitt. Hins vegar hafi stefnanda borið skilyrðislaus biðskylda samkvæmt 5. mgr. 48. gr. nefndra laga. Kveðst stefndi hafa ekið hægt, en hiklaust, yfir á syðri akbrautina í trausti þess, að stefnandi gætti biðskyldu sinnar.

Varakröfu sína byggir stefndi á því, að stefnandi eigi að minnsta kosti meginhluta sakar á árekstrinum.

Ágreiningslaust er í máli þessu, að syðri akbraut Miklubrautar var á umræddum stað, þegar slysið varð, lokað fyrir almennri umferð, enda hafði verið tekinn upp tvístefnuakstur á nyrðri akbrautinni. Þar sem aðstæðum var svo háttað, verður að telja, að stefnanda hafi borið biðskylda gagnvart stefnda samkvæmt meginreglu þeirri, er fram kemur í 5. mgr. 48. gr. sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 26/1958. Þar stefnanda og skylda til að sýna fyllstu aðgæzlu, þar sem honum var kunnugt um aðstæður allar, m. a. að tvístefnuakstur hafði verið tekinn upp á nyrðri akbrautinni, og mátti hann því búast við, að þeir, sem ækju Miklubraut og beygðu inn í Stakkahlíð, myndu eigi gera ráð fyrir, að umferð væri um syðri akbrautina. Þar sem eigi hefur verið leitt í ljós, að stefndi hafi hagað akstri bifreiðar sinnar óvar-

lega, ber samkvæmt framansögðu að leggja alla sök á árekstinum á stefnanda.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefndi á að vera sýkn af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Elíasson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Teitssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 6. marz 1964.

Nr. 178/1962. **Oddviti Djúpárhrepps f. h. hreppsins**

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund

(Magnús Thorlacius hrl.)

og

Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs

(Tómas Jónsson hrl.)

og

Elli- og hjúkrunarheimilið Grund

gegn

Oddvita Djúpárhrepps f. h. hreppsins,

Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs

og Katrínu Helgadóttur (enginn).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann Snævarr.

Lögheimili.

Frávísun aðalsakar frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. desember 1962. Hefur hann fengið gjafsókn hér